

Menntamálaráðuneytið

Helstu áherslur skólastefnunnar - samantekt

1. Aukin valddreifing í skólakerfinu, þannig að ákvarðanataka um fagleg og fjárhagsleg málefni skólastarfsins sé sem næst vettvangi.

2. Fræðslufirvöld skilgreini skýr markmið um nám og kennslu og fylgist með því að skólastarfið og árangur þess sé í samræmi við yfirlýst markmið, m.a. með því að leggja fyrir samræmd próf.

3. Lög kveði á um starfshætti sem stuðla að sem mestri fagmennsku í skólastarfi, þ. e. skólanámskrárgerð og sjálfsmat skóla. Skólastjóri og skólameistari gegni faglegu forystuhlutverki í starfi grunn- og framhaldsskóla.

4. Stigið er skref í þá átt að opna skólana gagnvart samfélaginu Fulltrúar foreldra, atvinnulífs og nánasta samfélags fá aðild að ýmsum nefndum og ráðum og lögð er áhersla á skyldu fræðslufirvalda til að safna og miðla upplýsingum um skólastarf.

5. Mat á skólakerfinu og einstökum þáttum þess verði eflt á næstu árum til að afla áreiðanlegra upplýsinga um þætti eins og stjórnunarhætti í skólum, námsárangur og námsferil nemenda, kennsluhætti og áhrif þeirra á námsárangur, samskipti í skólum og tengsl heimila og skóla.

6. Starfstími grunn- og framhaldsskóla verði betur nýttur og kennsludögum fjölgað.

7. Kjarasamningar við kennara verði endurskoðaðir frá grunni.